

Í Lubbastundum skoðum við staf dagsins, hvaða hann heitir og hvaða hljóð hann á og táknið fyrir hljóðið.

Einnig æfum við hlustun, orðaforða, málskilning og málvitund með allskonar spilum og leikjum.

Dæmi um Lubbastundir 4. – 5.

Hljóða innlögn:

- Hvað heitir þessi stafur?
- Hvað segir þessi stafur? Segir hann nafnið sitt eða ekki?
- Gera táknið fyrir stafinn um leið og við segjum hljóðið.
- Lesa Hljóðasmiðju 2:
 - Finna orð sem byrja á hljóðinu, skrifa á töflu, eru fleiri orð sem byrja á hljóðinu?
 - Klappa atkvæði í orðunum

Hlutbundin vinna:

- Para saman hljóð og mynd – ef það gengur vel prófa að para saman orð og mynd
- Skrifa stafinn
- Finna staf í texta – klippa út og líma á blað
- Stafa-/orðabingó eða önnur spil
- Para saman há- og lágstafi
- Finna staf í stafasúpu – verkefnablað
- Teikna mynd af einhverju sem byrjar á hljóðinu.
- Önnur verkefnablöð

Hlusta eftir hljóði:

- heyrst s í sími?
- heyrst m í sími?
- hvað er ég að segja s-í-m-i ?
- Hvaða orð byrja á hljóðinu

Dæmi um Lubbastundir 2. – 3.

Hljóðainnlögn:

- Hvað heitir þessi stafur?
- Hvaða hljóð segir hann? Gera táknið og hljóðið.
- Lesa texta í bók, skoða mynd í bókinni og finna hluti sem eiga hljóðið.
- Hljóðasmiðja 1:
 - Fara yfir fyrstu þrjú atriði á spjaldi.
 - Klappa atkvæði í **fremst** orðunum sem eldri börnin hafa fundið.

Hlustað eftir hljóði og hlutbundin vinna:

- Finna staf í stafasúpu – nota t.d. frauðstafi, morphun eða Lubba.
- Finna hlut sem byrjar á hljóðinu og setja í kassa (blanda saman 2 – 4 hljóðakössum og láta þau flokka eftir hljóði, nota hljóð sem þau eru búin að læra).
- Leira stafinn
- Lita stafinn
- Hlusta eftir hljóði – fyrsta hljóð í orði
- Önnur verkefnablöð